

Lokaverkefni - frumgerð

Lokaverkefnið er samvinnuverkefni tveggja nemenda. Þeir eiga að nýta *Github* til að skipuleggja, geyma og þróa frumgerð (*prototype*) sem er dæmigerð vefsíða fyrir vefinn sem á að skila sem lokaverkefni VSH2a3.

Frumgerð lokaverkefnis er ein vefsíða - *prototype* sem sýnir skipulag vefsins og virkni ss. hvernig vefurinn er skalanlegur – *responsive*.

Innihald vefs:

Vefurinn á að vera upplýsingavefur um einhvern tiltekinn viðburð (2-3 vefsíður) þar sem hægt er að skrá sig til þátttöku eða kaupa miða á viðburðinn. Tæknileg útfærsla á söluferli er EKKI nauðsynleg. Á vefnum á að vera dagskrá í töflu. Efnisval vefsins er að öðru leyti frjálst.

Verklýsing:

1. Innihaldslisti - hvað á að vera á vefnum
2. Hugmynda- og skissuvinna
3. Skipulag vefsins - veftré
4. Pöntunarform – lýsing á pöntunarferli, hvað á að skrá í formið – *ekki tæknileg útfærsla*.
5. Undirbúningsskjöl eru vistuð á *Github*.
6. Gerið tímaáætlun - hvenær er verkþáttur unninn og hver ber ábyrgð á þeim verkþætti. Notið *Milestones* á *Github*.
7. Nemendur skrá allar breytingar í "*commits*" þannig að hægt verður að fylgjast með þróun verkefnisins.
8. Nemendur setja frumgerðina á [tsuts.tskoli.is/2t/\(kt\)/lokaverkefni_vsh2a3/](https://tsuts.tskoli.is/2t/(kt)/lokaverkefni_vsh2a3/)
9. Vefsíðan er prófuð í mismunandi tækjum – er vefsíðan skalanleg? Eru myndir á sínum stað? Birtist vefsíðan eins í öllum vöfrum? Er kóðinn vel uppsettur? Sannreynið kóðann í <http://validator.w3.org/>
10. Allar uppfærslur vefsíðunnar eru settar á *Github* ásamt skýringum.

Vefurinn þarf að hafa:

Haus með titil og eða firmamerki.

Efnisyfirlit, á að vera eins á öllum vefsíðum.

Innihald, notið texta og myndir til að koma efninu skilmerkilega á framfæri.

Fótur, efnisyfirlit, nafn fyrirtækis, símanúmer og heimilisfang.

Pöntunarform.

Tafla með viðburðadagskrá.

Bjargir: <http://www.smashingmagazine.com/2008/01/31/10-principles-of-effective-web-design/>
<http://shortiedesigns.com/2014/03/10-top-principles-effective-web-design/>
<http://www.google.com/design/spec/resources/layout-templates.html>
<http://www.princeton.edu/communications/services/docs/IAguide2.pdf>
<https://github.com/>
<https://help.github.com/articles/set-up-git/>
<https://training.github.com/kit/>
<http://git-scm.com/book/en/v2> pdf bók.
<https://github.com/jameswillweb/github-for-web-designers/>
Sameign: S:\VSH2A3U\GitHub for Designers

Námsmat: 10% af heildareinkunn

1. Tveir nemendur vinna saman að verkefni (*project*) sem þeir setja á *GitHub*.
2. Verkáætlun er gerð á *GitHub* – Milestones
3. Nemendur skrá framvindu verksins og breytingar á frumgerðinni í "*commits*".
4. Uppfærslur vefsins eru settar á *GitHub* ásamt skýringum.
5. Nemendur setja samvinnuverkefnið á [tsuts.tskoli.is/2t/\(kt\)/lokaverkefni/](http://tsuts.tskoli.is/2t/(kt)/lokaverkefni/)
6. Verkefnið er prófað í mismunandi tækjum og lagfært eins og kostur er.
7. Innihaldslisti - hvað á að vera á vefnum
8. Hugmynda- og skissuvinna
9. Skipulag vefsins - veftré
10. Pöntunarform – lýsing á pöntunarferli – ekki tæknileg útfærsla.

-1% Ef einn af ofantöldum verkþáttum vantar.